

Háskólaráð

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Dagný Kristinsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, Helga Kristín Auðunsdóttir fulltrúi kennara (Skype), Njörður Sigurjónsson fulltrúi kennara (Skype), Jón Snorri Snorrason fulltrúi kennara (Skype), Erna Kaaber fulltrúi meistaranema (Skype), Hafdís Jóhannsdóttir fulltrúi grunnema, Bjarni Heiðar Halldórsson fulltrúi grunnema, Leifur Finnbogason fulltrúi grunnema,

Áheyrnarfulltrúar: Stefán Kalmansson gæðastjóri

Fjarverandi: Sigurður Baldvin Friðriksson fulltrúi Háskólagáttar. Hafsteinn Sæmundsson Fjármálastjóri (áheyrnarfulltrúi),

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Við yfirferð fundargerða síðustu funda kemur í ljós að ekki liggur fyrir samþykki Háskólaráðs á þremur fundargerðum. Frá 15. maí, 14. október og 4. nóvember. Þær fundargerðir hafa verið sendar út á meðlimi ráðsins. Ein ábending barst frá Nirði Sigurjónssyni um mál sem hann lagði inn undir liðnum önnur mál á fundi 14. október sl.. Þessu máli hefur verið bætt við þá fundargerð. Fundargerðir samþykktar.

2. Staða umsókna fyrir vorönn

Farið yfir stöðu umsókna á vorönn. 71 umsókn hefur borist um nám á vorönn. 40 umsóknir hafa borist í nám í Viðskiptafræðideild. 22 umsóknir hafa borist um nám í Félagsvísinda- og lagadeild. Í Háskólagátt hafa komið 9 umsóknir. Rætt um hlutfall þeirra sem sækja um nám v. þeirra sem hætta námi af ýmsum ástæðum eða útskrifast.

3. Fjármál – rekstraráætlun

VE fer yfir rekstraráætlun fyrstu 10 mánuði ársins og fjárhagsáætlun næsta árs.

4. Stefna skólans

Plaggið fullinnið og kynnt sem slíkt. Unnið á ensku á þessu sinni vegna gæðaúttektar.

- Ákveðin verkefni sem þarf að klára, t.d. þjónustusamning við Menntamálaráðuneytið.
- Verið að bæta við starfsmanni sem hefur þriðjungshlutfall sem mannauðsstjóri til að koma innviðum í lag.
- Húsnæði skólans var án viðhalds í mörg ár, nú verið að vinna það upp en í mörg horn á líta.



- Hollvinasamtökin. Tíðarandinn hefur breyst þar sem fyrrum nemendur hafa ekki eins mikla hollustu gagnvart skólanum. Lítil virkni í samtökunum.
- Háskólagátt. Innrituðum nemendum hefur fækkað undanfarin ár.
- Símenntun þarf að endurhugsa frá grunni.
- Langtímamarkmiðið er að 100 erlendir greiðandi nemendur stundi nám við skólann.
- Haldi íslenskum nemendum áfram að fjölga verður meiri stöðugleiki í rekstrinum og utanumhaldi.
- Haldið verður áfram að uppfæra tæknikerfi skólans.
- Gert ráð fyrir að fjölga ársstörfum í rannsóknum í 6 á næstu árum.

Rætt um skiptinema og það að nemendur frá HB fari til annarra skóla. Misvel rætt um umsóknarferli innan skólans. Kynna þarf þennan möguleika fyrir nemendum á vinnuhelgum og nýnemadögum. Skoða þarf umsóknarferli skólans og laga.

Rektor áherslu á gæði, hagkvæmni og vöxt. Skólann þarf að stækka, passa þarf upp á gæðin og passa upp á peningana.

5. Gæðamál

Stefán Kalmansson fer yfir stöðuna í gæðamálum og vinnuna við stofnanaskýrslu en erlendir ytri ráðgjafi er væntanlegur í lok vikunnar. Peter kemur og verður með okkur á fimmtudag og föstudag. Hann heldur fundi með starfsfólki, kennsluviði og nemendum.

Verkátun er komin, skólinn verður tekinn út í síðustu viku október mánaðar 2020. Klára þarf að vinna stofnanaskýrsluna og skila henni í vor. Hún er skýrsla, tölfræði og texti um það sem vel er gert og betur má fara, þ.e. rýna þarf í starfsemina.

BHH spyr hver endapunktur ferilsins sé. 5 aðilar koma og framkvæma úttekt á skólanum. Þessi nefnd skilar skýrslu og gefur okkur einkunn. Við þurfum að fá B til að þetta sé í lagi. Ef við fáum C erum við sett í úrbótapróf, fara í gegnum umbætur. Það gerðist árið 2015, þá fékk annar liðurinn C í einkunn.

Farið er í gegnum gæði prófgráða, upplifun nemenda og fundum sem úttektarnefnd á með nemendum næsta haust. Að þessu sinni er umgjörð rannsókna einnig til skoðunar en þar fáum við umsögn ekki einkunn.

BHH spyr hvort hætta sé á því að gæði prófgráða rýrni. Það er ákveðin hætta á því, árið 2015 fékk skólinn C í þeim lið. Skólinn fór í umbætur og fékk einkunnina hækkaða. Allir skólar enduðu í B en við og annar háskóli þurfum að fara í gegnum ákveðið ferli þar sem voru ákveðin atriði sem skólunum var gert að vinna betur og koma í betra lag. Úttektarnefndin fór yfir þetta aftur og uppfærði einkunnina.

Þetta ferli þarf að vera gangandi, ekki fara í átak ári fyrir úttak. Umbótaferlinu þarf því alltaf að halda á lofti.

BHH – ákveðnar áhyggjur af þetta ferli sé ákveðið punt þar sem það er að koma úttekt. Skiptir máli, út frá nemendum, rödd nemenda eigi að skipta máli utan úttektar líka. Oft er upplifun nemenda að gagnrýni á skólann sé tekið af yfirvegum heldur frekar farið í vörn.

HJ – segir sína upplifun að reynt sé að bregðast við þeim ábendingum sem komið hafa fram. Nefnir ábendingar með misserisverkefni til sögunnar.

SK bendir á virkni nemenda inni í deildarráðum. HJ er kjörinn fulltrúi nemenda á deildarráði í Félagsvísinda og lagadeild. Hún hefur setið deildafundi deildarinnar sem áheyrnarfulltrúi. Hefur óskað eftir fundi í deildaráði vegna ákveðins máls og hefur fundur verið ákveðinn.

6. Skólastarf á haustönn

DK fer stuttlega yfir starfið á haustönn. Með auknum fjölda nemenda verða fleiri í próftöku og á vinnuhelgum. Búið að taka tvær kennslukannanir í Uglu.

Margt komið upp á í ferlinu í innleiðingu kennslukerfa sem verið er að fara í gegnum og verður lagfært á vorönn.

Í Canvas er hægt að búa til hópa og skila inn verkefni í nafni hópsins.

7. Önnur mál

Hafdís og Bjarni – nýafstaðið lokapróf í Fjármálum I. Mikil óánægja fyrir utan próftökustað í Reykjavík, einnig á Bifröst. Í nafni nemenda námskeiðsins leggja þau fram undirritaða yfirlýsingu. Kom fram með ábendingar um Inspira og uppsetningu prófsins, prófatíma – þar sem taki smá tíma að opna prófið, setja upp skjöl. DK tekur við málinu og fer með það í ferli.

Aukafundur á föstudag kl 14.00

Fundargerð ritar Dagný Kristinsdóttir

Fundi slitið kl. 16.07